

Ferðamálastofa
16 551

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Ferðamálastofa

kt. 530169-4059

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðamálastofa er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs, starfsemi stofnunarinnar felst í því að fara með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum, sinna lögbundnu eftirliti og daglegri stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til og stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar. Hefðbundinn rekstur er um helmingur af umfangi rekstrar Ferðamálastofu. Um helmingur af ráðstöfunarfé stofnunarinnar fer í framlög og tilfærslur annars vegar og kaup á sérfræðipjónustu hins vegar. Munar þar mestu um framlög til áfangastaðastofa landshlutanna og kaupa á vinnu vegna rannsókna og gagnaöflunar. Þá er í umsjón Ferðamálastofu rekstur þriggja sjálfstæðra aðila; Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, Ferðatryggingasjóðs og Ferðaábyrgðasjóðs. Gerð er grein fyrir fjárreiðum þeirra aðila í ársreikningum hvers og eins.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 779,0 milljónir og afkoma kr. 21,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 110,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 197,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðamálastofu fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	738.600.000	716.400.000
Seld þjónusta	3	34.365.335	15.125.005
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.875.000	29.698.766
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.117.896	4.582.804
Tekjur samtals		778.958.231	765.806.575
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	5	231.130.753	222.634.816
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	359.993.096	312.894.195
Annar rekstrarkostnaður	7	159.106.483	173.025.004
Afskriftir og niðurfærslur	8	4.117.896	4.582.804
Gjöld samtals		754.348.228	713.136.819
Afkoma fyrir fjármagnsliði		24.610.003	52.669.756
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(2.947.593)	(195.971)
		(2.947.593)	(195.971)
Afkoma ársins		21.662.410	52.473.785
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	78.893.163	115.208.601
Rekstrartilfærslur		(57.230.753)	(62.734.816)
		21.662.410	52.473.785

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	9	1.124.672	1.127.049
Viðskiptakröfur		233.059	18.002.550
Tengdir aðilar	10	178.980.447	151.947.714
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	1.138
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	540.720	540.720
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	16.424.355	18.426.595
Eignir samtals		<u>197.303.253</u>	<u>190.045.766</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	1.320.698	2.560.930
Viðskiptaskuldir		12.187.997	32.000.429
Ýmsar skammtímaskuldir	13	62.064.569	53.409.574
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	11.762.969	13.780.865
Skuldir samtals		<u>87.336.233</u>	<u>101.751.798</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		109.967.020	88.293.968
Eigið fé	15		
Hrein eign		109.967.020	88.293.968
Eigið fé samtals		<u>109.967.020</u>	<u>88.293.968</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>197.303.253</u>	<u>190.045.766</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		21.662.410	52.473.785
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	4.117.896	4.582.804
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.117.896)	(4.582.804)
		<u>21.662.410</u>	<u>52.473.785</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		17.770.629	(17.248.131)
Tengdir aðilar		(28.277.979)	(24.944.897)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(11.157.437)	(10.254.738)
		<u>(21.664.787)</u>	<u>(52.447.766)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(2.377)</u>	<u>26.019</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	12	(2.115.656)	(2.190.295)
		<u>(2.115.656)</u>	<u>(2.190.295)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		15.656	290.295
Fjárfestingarframlag		2.100.000	1.900.000
		<u>2.115.656</u>	<u>2.190.295</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(2.377)	26.019
Handbært fé í byrjun árs		<u>1.127.049</u>	<u>1.101.030</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>1.124.672</u></u>	<u><u>1.127.049</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	551.000.000	173.900.000	0	2.100.000	727.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	551.000.000	173.900.000	0	2.100.000	727.000.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda					
Launabætur	9.700.000	0	0	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	4.000.000	0	0	0	4.000.000
Fjárveiting ársins	564.700.000	173.900.000	0	2.100.000	740.700.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	151.028.784	(62.734.816)	0	(4.645.730)	83.648.238
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ...	(62.724.174)	62.734.816	0	0	10.642
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	653.004.610	173.900.000	0	(2.545.730)	824.358.880
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(485.806.837)	(231.130.753)	0	(2.115.656)	(719.053.246)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	167.197.773	(57.230.753)	0	(4.661.386)	105.305.634

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2024, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Ferðamálastofa 16551101	Tæki og búnaður 16551601	Samtals 2024
	Málefna svið - málaflokkur		
	14 10	14 10	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	738.600.000	0	738.600.000
Seld þjónusta	34.365.335	0	34.365.335
Framlög og ýmsar tekjur	1.875.000	0	1.875.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	4.001.624	116.272	4.117.896
Tekjur samtals	778.841.959	116.272	778.958.231
Gjöld			
Tilfærslur	231.130.753	0	231.130.753
Laun og launatengd gjöld	359.993.096	0	359.993.096
Annar rekstrarkostnaður	159.050.867	55.616	159.106.483
Afskriftir	4.001.624	116.272	4.117.896
Gjöld samtals	754.176.340	171.888	754.348.228
Afkoma fyrir fjármagnsliði	24.665.619	(55.616)	24.610.003
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(2.947.593)	0	(2.947.593)
	(2.947.593)	0	(2.947.593)
Afkoma ársins	21.718.026	(55.616)	21.662.410
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	78.948.779	(55.616)	78.893.163
Rekstrartilfærslur	(57.230.753)	0	(57.230.753)
	21.718.026	(55.616)	21.662.410
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	724.900.000	0	724.900.000
Launbætur	9.700.000	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	4.000.000	0	4.000.000
Fjárveiting til tekna	738.600.000	0	738.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(716.881.974)	(55.616)	(716.937.590)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	21.718.026	(55.616)	21.662.410
Staða fjárveitinga 2023 í lok þess árs	88.304.610	0	88.304.610
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	167.253.389	(55.616)	167.197.773
Rekstrartilfærslur	(57.230.753)	0	(57.230.753)
	110.022.636	(55.616)	109.967.020
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	2.100.000	0	2.100.000
Fjárfesting á árinu	(2.115.656)	0	(2.115.656)
Staða fjárfestingafjárveitingar	(15.656)	0	(15.656)
Staða fjárfestinga 2023 í lok þess árs	(4.645.730)	0	(4.645.730)
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2024	(4.661.386)	0	(4.661.386)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluðegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- up্পsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	738.600.000	716.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.117.896	4.582.804
	742.717.896	720.982.804

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	551.000.000	173.900.000	0	724.900.000
Launabætur	9.700.000	0	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	4.000.000	0	0	4.000.000
Fjárveiting til tekna	564.700.000	173.900.000	0	738.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(485.806.837)	(231.130.753)	0	(716.937.590)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	78.893.163	(57.230.753)	0	21.662.410

	2024	2023
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	34.365.335	15.125.005
	34.365.335	15.125.005

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	6.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.875.000	0
Ýmsar tekjur	0	23.698.766
	1.875.000	29.698.766

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	1.000.000	17.578.750
Rekstrartilfærslur aðrir	230.130.753	205.056.066
	231.130.753	222.634.816

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	291.422.755	249.123.035
Orlof, breyting	(2.579.918)	1.333.215
Launatengd gjöld	65.803.461	56.444.977
Starfsmannakostnaður	5.346.798	5.992.968
	359.993.096	312.894.195

Meðalfjöldi stöðugilda	23,9	21,5
------------------------------	------	------

Skýringar

	2024	2023
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	865.043	1.173.999
Byggingarvörur, almennar	681	0
Byggingarvörur, aðrar	924.300	0
Tæki og búnaður til innréttinga	0	82.485
Ýmis tæki og áhöld	1.833.987	2.012.304
Varahlutir og viðhaldsvörur	56.300	17.980
Orkugjafar	557.795	413.031
Matvæli	6.256.934	6.825.542
Almennar rekstrarvörur	470.454	264.309
Vörukaup, almenn	10.965.494	10.789.650
Kennslu- og föndurvörur	0	7.800
Ýmsar sérgreindar vörur	0	2.083
Vörukaup, sérgreind	0	9.883
Fundir, námskeið, risna	6.156.613	4.553.113
Ferðir, uppihald	8.155.102	6.272.963
Akstur	2.106.193	1.511.124
Sérfræðipjónusta	53.100.116	66.879.044
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	378.645	639.461
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.767.755	16.199.042
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	722.001	646.591
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	82.386.425	96.701.338
Samningsbundin kaup og leiga	0	(1.316)
Afnotagjöld	34.370.043	25.610.530
Leigugjöld	20.926.261	16.766.716
Notkun véla og flutningatækja	279.500	509.170
Verkkaup	3.033.004	8.592.656
Kostnaðarhlutdeild	20.644.292	20.816.204
Opinber gjöld	0	934
Tilfærslur	59.500	52.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	79.312.600	72.347.094
Hlutdeild annarra í kostnaði	(13.558.036)	(6.822.961)
Annar rekstrarkostnaður samtals	159.106.483	173.025.004
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.113.747	4.575.710
Sölutap og úreltar eignir	4.149	7.094
	4.117.896	4.582.804

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
9 Handbært fé		
Tékkareikningar	27.142	9.883
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	1.097.530	1.117.166
	<u>1.124.672</u>	<u>1.127.049</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 445,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2024	31.12.2023
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	178.980.447	151.947.714
	<u>178.980.447</u>	<u>151.947.714</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	1.320.698	2.560.930
	<u>1.320.698</u>	<u>2.560.930</u>

11 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>			
Austurbrú	3%	50.000	50.000
Scandinavian Tourism, Inc		490.720	490.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

12 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	16.424.355	18.426.595
	<u>16.424.355</u>	<u>18.426.595</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	30.047.461	0	0	0	30.047.461
Viðbætur á árinu	2.115.656	0	0	0	2.115.656
Selt/úrelt á árinu	(2.006.436)	0	0	0	(2.006.436)
	<u>30.156.681</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>30.156.681</u>
Afskriftir 01.01.2024	11.620.866	0	0	0	11.620.866
Afskrift ársins	4.113.747	0	0	0	4.113.747
Selt/úrelt á árinu	(2.002.287)	0	0	0	(2.002.287)
	<u>13.732.326</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>13.732.326</u>
Staða 31.12.2024	<u>16.424.355</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>16.424.355</u>

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	38.115.137	40.695.055
Önnur ógreidd gjöld	23.949.432	12.714.519
	62.064.569	53.409.574

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	16.424.355	18.426.595
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(4.661.386)	(4.645.730)
	11.762.969	13.780.865

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	18.426.595	(4.645.730)	13.780.865
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.100.000	2.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.115.656	(2.115.656)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.117.896)	0	(4.117.896)
	16.424.355	(4.661.386)	11.762.969

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 3,7 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	88.293.968	35.820.183
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	10.642	0
Afkoma ársins	21.662.410	52.473.785
Jöfnuður 31.12.	109.967.020	88.293.968

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Gerðir hafa verið skuldbindandi húsaleigusamningar, árlega greiðslur vegna þeirra nema kr. 15,6 milljónir. Árlegar greiðslur vegna styrktar- og samstarfssamninga nema kr. 249,4 milljónum og vegna annara samninga eru árlegar greiðslur kr. 2,4 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.